

SUNDHÖLL REYKJAVÍKUR

REYKJAVÍK, 6. september 1940.
ÍSLAND

Eins og háttvirtu bæjarráði er kunnugt, þá hefir Sundhöllin ætíð verið opin á sunnudögum frá kl. 8 f.h. til kl. 4 e.h., og er þá yfirleitt mikið sótt, fyrir hádegi af fullorðnum og eftir hádegi, aðallega kl. 1 - 3, af börnum.

Nú uppá síðkastið hefir aðsókn brezkra hermanna aukist mjög á framangreindum rekstrartímum, og það svo, að ekki verður hjá því komist að gera eitthvað til úrbótar svo komist verði hjá þrenglum og óþægindum fyrir báða aðila.

Ég vil því leyfa mér að leggja til við bæjarráð, að sú leið verði valin til úrlausnar á máli þessu, að rekstrartími Sundhallarinnar á sunnudögum verði lengdur um 4 kl.st. og verði deginum síðan skift þannig: Bæjarbúar og yfirmenn úr hernum hafi aðgang kl. 8 f.h. til kl. 3 e.h., en síðan fái brek-
ir liðsmenn Sundhöllina fyrir sig frá kl. 3 til 8 e.h. (að sjálf-
sögðu fyrir fult gjald).

Benda má á að einu auka útgjöldin í sambandi við breytingu þessa, yrðu vinnulaun fyrir þessar 4 kl.st. og geri ég ráð fyrir að starfsfólkið vildi bæta þessari vinnu við sig fyrir hæfilega þóknun, og væri það að mínu áliti betra og ódýrara heldur en að fá nýja menn til vinnunnar fyrir svo stuttan vinnu-
tíma. Óhætt tel ég að ganga útfrá því sem vísu, að aðsókn yrði það mikil á þessum tíma, að hún myndi fyllilega borga þennan auka kostnaðarlið.

Í von um að háttvirt bæjarráð taki mál þetta til athugunar við fyrst tækifæri, kveð ég yður,

*Bæjarráð samþ. að hafa Sundhöllina opna á
sunnudögum fyrir um sinn frá kl. 3 til 8 e.h.,
sinnigjanga fyrir brezka retulíðit, og Sundhallar-
stjóra heimilast að greiða íshjúrnulögum
kostnað við það.*

Virðingarfylst,

Sundhöll Reykjavíkur

W. J. Jónsson

Til

Bæjarráðs Reykjavíkur,

Rvk.

Borgarstjórnin	7	69
í Reykjavík	26.	1940.